

vinnu við b.v. Rauðanúp. Verður stefndi því sýknaður af kröfum stefnanda.

Eftir öllum atvikum þykir málskostnaður eiga að falla niður.

Dóm þennan kváðu upp Guðmundur Jónsson, Bjarni Kristinn Bjarnason, Þorsteinn Thorarensen, Páll S. Pálsson og Ragnar Ólafsson.

#### D ó m s o r ð:

Stefndi, Vinnuveitendasamband Íslands fyrir hönd Sambands Málm- og skipasmiða vegna Stálsmiðjunnar h.f., skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Alþýðusambands Íslands fyrir hönd Málm- og skipasmiðasambands Íslands vegna Félags járníðnaðarmanna.

Málskostnaður fellur niður.

---

Þriðjudaginn 11. desember 1979.

Nr. 6/1979.

**Vinnuveitendasamband Íslands  
fyrir hönd Höldar s.f.**

(Gunnar Guðmundsson cand.jur.)

gegn

**Alþýðusambandi Íslands fyrir hönd  
Landssambands íslenskra verslunarmanna  
vegna Félags verslunar- og skrifstofufólks  
á Akureyri og nágrenni**

(Egill Sigurgeirsson hrl.)

Kjarasamningar. Deilt um kjör verslunar- og skrifstofufólks.

#### **Dómur.**

Mál þetta, sem tekið var til dóms 28. f.m., er höfðað með stefnu útgefni 7. ágúst s.l.

Stefnandi málsins er Vinnuveitendasamband Íslands fyrir hönd Höldar s.f. á Akureyri.

Stefndi er Alþýðusamband Íslands fyrir hönd Landssambands íslenskra verslunarmanna vegna Félags verslunar- og skrifstofufólks á Akureyri og nágrenni.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að viðurkennt verði með dómi, að samningur starfsfólks í söluturnum sem undirritaður var 22. júní 1977 og framlengdur var óbreyttur 10. apríl 1979, gildi um starfsmenn Höldar s.f., sem eru félagsmenn í Félagi verslunar- og skrifstofufólks á Akureyri og nágrenni. Jafnframt er þess krafist, að stefnda verði gert að greiða kostnað af rekstri málsins fyrir Félagsdómi.

Af hálfu stefnda er krafist sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að mati dómsins.

Málavextir eru þeir, að 2. apríl 1976 gerðu Kaupmannasamtök Íslands annars vegar og hins vegar Verslunarmannafélag Reykjavíkur og Landssamband íslenskra verslunarmanna samning um störf í söluturnum. Þau kjaraatriði, sem fjallað er um í samningnum, eru vinnuvaktir, vaktaálag, yfirvinna, frídagar, greiddir frídagar og óreglulegar vaktir. Upphafsákvæði samningsins eru svohljóðandi:

„Kaupmannasamtök Íslands annars vegar og Verslunarmannafélag Reykjavíkur og Landssamband íslenskra verslunarmanna hins vegar gera með sér svofellt samkomulag vegna starfsfólks, sem vinnur vaktavinnu í söluturnum, sem versla með vöru samkvæmt vörulista samanber reglugerð Reykjavíkurborgar um afgreiðslutíma verslana o.fl.

Samningur verslunarmanna við vinnuveitendur dags. 28. febrúar 1976 gildir í öllum atriðum öðrum en þeim, sem hér greinir.“

Hinn 22. júní 1977 gerðu Vinnuveitendasamband Íslands, Kjara ráð verslunarinnar fyrir hönd Kaupmannasamtaka Íslands, Félags íslenskra stórkaupmanna og Verslunarráðs Íslands, Kaupfélag Reykjavíkur og nágrennis og Vinnumálasamband samvinnufélaganna annars vegar og hins vegar Landssamband íslenskra verslunarmanna, Verslunarmannafélag Reykjavíkur og Félag verslunar- og skrifstofufólks á Akureyri og nágrennis aðalkjarasamning um kjör verslunarfólks.

Sama dag gerðu Kaupmannasamtök Íslands annars vegar og hins vegar Landssamband íslenskra verslunarmanna, Verslunarmannafélag Reykjavíkur og Félag verslunar- og skrifstofufólks á Akureyri og nágrenni samning um söluturna. Var þar fjallað um sömu atriði

og í samningnum frá 2. apríl 1976 að viðbættum kaffitímum. Eru upphafsákvæði samnings þessa svohljóðandi:

„Kaupmannasamtök Íslands annarsvegar og Verslunarmannafélag Reykjavíkur, Félag verslunar- og skrifstofufólks á Akureyri og nágrenni og Landssamband íslenskra verslunarmanna hinsvegar gera með sér svofellt samkomulag vegna starfsfólks, sem vinnur vaktavinnu í söluturnum, sem versla með vöru samkvæmt vörulista samanber reglugerð Reykjavíkurborgar og annarra bæjar- og sveitarfélaga, sem sett hafa reglur um takmarkaðan fjölda vörutegunda. Samningur verslunarmanna við vinnuveitendur, sem gerður er 22. júní 1977, gildir í öllum öðrum atriðum en þeim sem hér greinir.“

Á þessum tíma var í gildi samþykkt nr. 137 frá 26. júlí 1971 um afgreiðslutíma verslana í Reykjavík o.fl., og fylgir henni listi um vörur, sem selja mátti í söluturnum, skv. 3. mgr. 4. gr. samþykktarinnar. Á sama tíma var í gildi samþykkt um afgreiðslutíma verslana o.fl. á Akureyri nr. 307 frá 2. júlí 1975. Í 1. gr. er tekið fram, að samþykktin taki til smásöluverslana, þar á meðal söluturna. Í 3. gr. er gert ráð fyrir, að heimila megi matvöruverslunum, söluturnum og sambærilegum sölustöðum að selja um söluop utan almenns afgreiðslutíma alla daga, nema tiltekna helgidaga. Í samþykkt þessari eru hins vegar ekki ákvæði um takmörkun á því hvaða vörutegundir megi selja í söluturnum á Akureyri. Starfsfólk í söluturnum Höldar s.f. mun nú hafa unnið á grundvelli framangreinds samnings um söluturna frá 22. júní 1977.

Hinn 30. júní 1978 rituðu fyrirsvarsmenn verslunar- og skrifstofufólks á Akureyri og nágrenni Höldi s.f. bréf þar sem fram kom, að viðræður, sem fram höfðu farið um laun starfsmanna fyrirtækisins, hefðu ekki borið árangur. Var fyrirtækinu gert svo fellt tilboð:

„1. Frá og með 1. júní 1978 greiðið þér starfsfólki yðar eigi lægri laun, en hjálagður samningur vor við vinnuveitendur dags. 22. júní 1977 kveður á um. Varðandi yfirvinnuálag vísast í lið 1.3. í samningnum, þar sem kveðið er á um að eftirvinna skuli greiðast með 40% álagi miðað við dagvinnu og nætur- og helgidagavinna með 80% álagi miðað við dagvinnu. Um skiptingu dag-, eftir- og næturvinnu vísast til II. kafla samninganna.“

2. Ekki verður gerð krafa af hálfu starfsfólksins um vangoldin laun aftur í tímann (fyrir 1. júní 1978) ef ákvæði kjarasamningsins verða virt samkvæmt 1. lið hér að framan.“

Yrði ekki fallist á tilboð þetta innan tilskilins frests, var fyrirtækinu boðuð vinnustöðvun. Með yfirlýsingu dags. 6. júlí 1978 féllust fyrirsvarsmenn Höldar s.f. á að farið yrði eftir aðalsamningi um kjör verslunarfólks frá 22. júní 1977, þar sem í II. kafla væri kveðið á um greiðslu fyrir dag-, eftir- og næturvinnu og myndi fyrirtækið leiðrétta laun starfsfólks síns eftir þeim samningi frá og með 1. júní 1978. Var og tekið fram að starfsfólk fyrirtækisins yrði ekki látið gjalda aðgerða stéttarfélags síns gagnvart fyrirtækinu undanfarin misseri.

Með yfirlýsingu sama dag lýstu fyrirsvarsmenn Félags verslunar- og skrifstofufólks á Akureyri og nágrenni því yfir, að fallið væri frá leiðréttingu launa fyrir 1. júní 1978, en ef fyrirtækið bæri málið undir Félagsdóm félli niður sú eftirgjöf leiðréttingar. Var einnig tekið fram, að ef ekki yrði staðið við áðurgreinda yfirlýsingu, teldi félagið sig óbundið af yfirlýsingu sinni.

Aðalkjarasamningi verslunarfólks og vinnuveitenda þeirra var sagt upp miðað við 1. desember 1978. Hinn 10. apríl 1979 tókust samningar milli þessara aðila þar sem kveðið var á um skipan starfsfólks í launaflokka, en laun skyldu ákvæðin af kjaradómi. Að öðru leyti skyldu samningar þessar aðila frá 22. júní 1977 framlengjast óbreyttir. Stefnandi hefur nú höfðað mál þetta til viðurkenningar á því, að áðurgreindur kjarasamningur frá 22. júní 1977 um störf í söluturnum gildi um starfsmenn Höldar s.f., sem eru félagar í Félagi verslunar- og skrifstofufólks á Akureyri og nágrenni.

Krafa stefnanda er byggð á því, að fulltrúi Félags verslunar- og skrifstofufólks á Akureyri og nágrenni hafi undirritað samning þann sem gerður var 22. júní 1977 um kjör starfsfólks í söluturnum. Hafi samningur þessi síðan verið samþykktur af félagsmönnum. Hafi svo verið unnið eftir ákvæðum samnings þessa um land allt, m.a. á Akureyri. Rúmu ári eftir undirritun samningsins hafi Félag verslunar- og skrifstofufólks á Akureyri og nágrenni ætlað að neita að virða ákvæði samningsins og hafi hinn 30. júní 1978 boðað til verkfalls. Verkfall þetta hafi verið ólögmætt af tveimur ástæðum. Um hafi verið að ræða brot á friðarskyldu, sem sé andstætt ákvæðum 14. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélag og vinnudeilur, og ekki hafi verið farið eftir ákvæðum 16. gr. sömu laga um boðun verkfallsins. Á aðilum kjarasamnings hvíli friðarskylda sem sé fólgin í því, að á meðan kjarasamningur er í gildi milli stéttarfélags og samtaka vinnuveitenda skuli ríkjja friður um efni samningsins milli aðila. Það sér grundvallarregla í vinnurétti

að óheimilt sé að beita vinnustöðvun til þess að knýja fram breytingar á kjarasamningi, sem gildir er og bindandi fyrir samningsaðila. Ágreiningur um gildi og skilning á kjarasamningi sé réttarágreiningur, en slíkan ágreiningur skuli bera undir Félagsdóm samkvæmt ákvæðum laga nr. 80/1938. Á meðan skuli unnið eðlilega samkvæmt gildandi samningum. Friðarskyldan sem hvílir á aðilum sé því forsenda fyrir því, að samtök vinnuveitenda undirriti samninga og við gerð samnings séu höfð í huga öll atriði, sem að samningnum snúa. Hér beri að hafa í huga, að við gerð söluturnasamningsins 2. júní 1977 hafi verið vitað um samþykkt um afgreiðslutíma verslana á Akureyri frá 2. júlí 1975. Með því að undirrita samninginn hafi Félag verslunar- og skrifstofufólks á Akureyri og nágrenni því samþykkt gildi hans á Akureyri. Vegna þeirra hagsmuna aðila að vinnufriður haldist, verði að skýra ákvæði samningsins rúmt eða fylla hann að öðru leyti með hliðsjón af tilgangi samningsaðila, framkvæmd og venju. Samkvæmt þessu fái því ekki staðist, að söluturnasamningurinn frá 22. júní 1977 hafi aldrei verið samþykktur af Félagi verslunar- og skrifstofufólks á Akureyri og nágrenni, svo sem haldið sé fram af hálfu stefnda. Þá fái ekki heldur staðist sú staðhæfing stefnda, að söluturnasamningurinn miðist við vörulista samkvæmt reglugerð Reykjavíkurborgar og geti því ekki átt við verslunarrekstur á Akureyri. Félag verslunar- og skrifstofufólks á Akureyri og nágrenni hafi undirritað samninginn og hafi hann verið framkvæmdur í rúmt ár eða þar til félagið hafi allt í einu synjað að láta félagsmenn sína starfa eftir honum. Ekki hafi Vinnuveitendasambandi Íslands eða Kaupmannasamtökum Íslands borist nein tilkynning frá Félagi verslunarfólks og skrifstofufólks á Akureyri og nágrenni um það, að hafnað hafi verið á lögætum fundi félagsins að samþykkja samninginn. Í inngangi samningsins komi fram, að hann gildi um starfsfólk í söluturnum, sem versla með vörur samkvæmt vörulista. Síðan segi ordrétt: „Samanber reglugerð Reykjavíkurborgar og annarra bæjar- og sveitarfélaga, sem sett hafa reglur um takmarkaðan fjölda vörutegunda.“ Orðið „samanber“ beri að skilja þannig í þessu sambandi, að hafa skuli hliðsjón af reglugerð Reykjavíkurborgar og annarra bæjar- og sveitarfélaga, sem sett hafi reglur um takmarkaðan fjölda vörutegunda. Í því sambandi sé hægt að segja að vörulisti sé í gildi hjá söluturnum Höldar s.f. þar sem séu svipaðar vörutegundir og í söluturnum annars staðar á landinu. Hvarvetna

annars staðar á landinu sé unnið í söluturnum samkvæmt þessum vaktavinnusamningi og virðist ekki skipta máli í því sambandi, hvort í gildi sé vörulisti í viðkomandi bæjar- eða sveitarfélagi eða hversu víðtækur hann sé. Vörulista sé ekki að finna í samþykkt um afgreiðslutíma verslana á Akureyri o.fl. frá 2. júlí 1975, en þrátt fyrir það hafi samningurinn um kjör starfsfólks í söluturnum verið undirritaður af hálfu Félags verslunar- og skrifstofufólks á Akureyri og nágrenni. Ef félagið hafi ekki talið samninginn gilda fyrir Akureyri, hafi fulltrúa félagsins verið í lófa lagið að neita að skrifa undir samninginn. Af því sem hér hefur verið rakið sé ljóst að þegar litið sé til orðalags inngangs samningsins, undirskriftar fulltrúa Félags verslunar- og skrifstofufólks á Akureyri og nágrenni undir samninginn og eftirfarandi framkvæmd félagsins á samningnum, gildi samningurinn einnig á Akureyri. Frá 6. júlí 1978 hafi starfsfólki í söluturnum Höldar s.f. verði greitt kaup með fyrirvara þar til skorið yrði úr ágreiningi um gildi samningsins fyrir Félagsdómi. Á þeim tíma hafi árangurslaust verið reynt að fá Félag verslunar- og skrifstofufólks á Akureyri og nágrenni til að láta félagsmenn sína starfa á ný eftir samningnum. Hinn 10. apríl 1979 hafi svo samningurinn verið framlengdur af Félagi verslunar- og skrifstofufólks á Akureyri og nágrenni til áramóta án nokkurs fyrirvara. Ljóst sé af þessu, að Félag verslunar- og skrifstofufólks á Akureyri og nágrenni hafi á vítaverðan hátt brotið skyldur þær, sem hvíla á félaginu samkvæmt samningnum um kjör starfsfólks í söluturnum. Af þeim sökum hafi verið nauðsynlegt að leggja gildi samningsins undir dóm Félagsdóms, þar sem Höldur s.f. hafi á ólög-mætan hátt verið knúíð til að greiða starfsfólki sínu samkvæmt allt öðrum kjarasamningi en gildi um kjör starfsfólks í söluturnum og því hækkað veruleg launaútgjöld fyrirtækisins.

Sýknukrafa stefnda er byggð á því, að svonefndur sölusamningur sem gerður var 22. júní 1977, sé búinn þeim fyrirvara, að hann taki aðeins til þeirra, sem starfa í söluturnum er eingöngu hafa heimild til að selja vörur samkvæmt vörulista þeim, sem í gildi er í Reykjavík. Á Akureyri sé enginn slíkur vörulisti og því gildi samningurinn ekki á félagssvæði Félags verslunar- og skrifstofufólks á Akureyri og nágrenni. Sé fráleitt að bera saman söluturna í Reykjavík þar sem heimil sé sala á takmörkuðu vöruúrvali og lúgusölu á Akureyri með ótakmörkuðu vöruúrvali. Það sé því ótvírætt, að Félag verslunar- og skrif-

stofufólks á Akureyri og nágrenni hafi aldrei léð máls á að vinna samkvæmt svokölluðum söluturnasamningi og „engin samþykkt félagsins til á þeim samningi.“

Álit dómsins:

Í upphafsákvæði samningsins um störf í söluturnum frá 22. júní 1977 kemur fram, að honum er ætlað að taka til starfsfólks í söluturnum þar sem vöruframboð er takmarkað við vörulista svo sem er í Reykjavík.

Á þeim tíma er hér skiptir máli var ekki fyrir hendi vörulisti sem takmarkaði vöruúrval er heimilt væri að selja í söluturnum á Akureyri. Þótt fram sé komið, að starfsfólki Höldar s.f., sem starfaði í söluturnum, hafi verið greidd laun eftir greindum samningi, er ósannað að hann hafi átt að gilda um það starfsfólk. Verður stefndi því sýknaður af kröfum stefnanda.

Eftir öllum málsatvikum verður málskostnaður látinn falla niður.

Dóm þennan kváðu upp Guðmundur Jónsson, Bjarni Kristinn Bjarnason, Þorsteinn Thorarensen, Árni Guðjónsson og Páll S. Pálsson.

#### D ó m s o r ð:

Stefndi, Alþýðusamband Íslands fyrir hönd Landssambands íslenskra verslunarmanna vegna Félags verslunar- og skrifstofufólks á Akureyri, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Vinnuveitendasambands Íslands fyrir hönd Höldar s.f.

Málskostnaður fellur niður.

---